

GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA

2022-2023



Valbók 9. -10. bekkur

Gleði – öRyggi - Vinátta

# Valgreinar 9.-10. bekkur

---

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8., 9. og 10. bekk. Nemendur velja sjálfir námsgreinar sem svara 6 kennslustundum á viku. Með því að bjóða upp á val er stefnt að því að laga námið að áhuga og þörfum nemenda.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Valbók, þar sem skilgreiningar á öllum valgreinum koma fram má finna á vefsíðu skólans [www.grv.is](http://www.grv.is) undir flípanum *Valgreinar*. Náms- og starfsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri ganga í bekkina og kynna valgreinar næsta skólaárs fyrir nemendum á vordögum. Einnig er mælt með því að nemendur afli sér upplýsinga um valgreinarnar og ræði við umsjónarkennara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða aðstoðarskólastjóra ef einhver vafaatriði koma upp.

Nemendur velja á rafrænan hátt í gegnum Google forms og fá slóðina senda í pósti. Þeir þurfa að koma með óskir um val fyrir næsta skólaár að vori. Foreldrar eru hvattir til að aðstoða sitt barn við valið.

Að gefnu tilefni skal nemendum bent á að hver og einn velur þær valgreinar sem hann telur henta sér best. Varist því að velja með það í huga að gera eins og besti vinurinn eða vinkonan.

**Val nemenda hefur áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða ekki gerðar breytingar á vali eftir að skóli hefst í haust.**

Í valgreinum verður um blöndun að ræða milli nemenda í 8., 9. og 10. bekk nema í einstaka áföngum sem eru einungis fyrir 10. bekkina.

Tekið skal fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda, en reynt verður af fremsta megni að koma til móts við óskir þeirra.

Í sérstökum tilfellum getur skólinn mælt með öðru formi á vali en hér er sett fram.

Námsmat í valgreinum er mismunandi eftir greinum en nemendur fá alltaf námsmat í skólalok í hverri valgrein. Athugið að skyldumæting er í alla valáfanga, það er ekki val um að mæta í val tíma heldur val um námsgrein í val tíma ☺.

# Valgreinar utan skóla

---

Framboð námsgreina í vali utan skóla er mismunandi á milli ára. Í vetur verðum við í samstarfi við eftirfarandi aðila: Tónlistarskóla Vestmannaeyja, ÍBV íþróttafélag, Hressó, Leikfélag Vestmannaeyja, Skátafélagið Faxa, Björgunarfélag Vestmannaeyja, Badmintonfélag Vestmannaeyja, Sundfélag ÍBV, Golfklúbb Vestmannaeyja, Karatefélag Vestmannaeyja og Fimleikafélagið Rán. Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið 4 kennslustundir hvora önn í valgreinum utan skóla hvort sem það eru íþróttir eða aðrar tómstundir, tvær kennslustundir hvert.

**Nemandi þarf að skila staðfestingu frá viðkomandi íþróttafélagi/skóla eða æskulýðsfulltrúa í síðasta lagi 23. september.**

Nemendur sem velja greinar utan stundaskrár þurfa að skila að lágmarki 80% mætingu á mánuði. Nemendur þurfa að skila sérstöku eyðublaði seint á hvorri önn, með undirskrift frá umsjónarmanni/þjálfara, sem staðfestingu á góðri ástundun í tómstundum og/eða íþróttum. **Ef nemandi skilar ekki inn staðfestingu um mætingu þá fær hann viðkomandi val ekki metið og fær D í greininni á einkunnablaði.** Allar einkunnir úr valfögum birtast á útskriftarskírteini nemenda í 10. bekk.

Hætti nemandi að stunda val utan skóla þarf hann strax að koma á skrifstofu aðstoðarskólustjóra til að komast í val innan skólans til að ná að standa skil á valstundum skólaársins.

---

## Aðstoðarþjálfun

Unnið í samstarfi við íþróttafélög í Vestmannaeyjum.

### Markmið

Að nemendur fái tækifæri til að kynnst hlutverki þjálfara yngri flokka ÍBV íþróttafélags.

Að nemendur leiðbeini yngri iðkendur og aðstoði við æfingar.

### Viðfangsefni

Nemendur aðstoða aðalþjálfara viðkomandi flokks á æfingum og fara eftir fyrirmælum hans. Þeir þurfa að vera stundvísir, sýna yngri iðkendum virðingu og vera til fyrirmyndar á æfingum.

### Námsþættir

Samskipti, stundvísi, félagsþroski, virkni og ástundun.

### Kennsluaðferðir

Nemendur mæta á æfingar viðkomandi flokks, fá leiðsögn og vinna verkefni sem aðalþjálfari felur þeim hverju sinni.

### Námsmat

Þátttaka og virkni.

### Tímamagn

Tvær stundir, 2-3 æfingar á viku allt skólaárið. Fjöldi æfinga á viku fer eftir íþróttagreininni.

## Akademía

Unnið í samstarfi við aðildarfélög ÍBV.

Nemendur þurfa að æfa íþróttagreinina hjá ÍBV en þurfa ekki að vera með viðkomandi grein í vali utan skóla. Akademían verður að hluta til metin inn í stað íþróttatíma í töflu en nemendur munu þó sækja einn íþróttatíma/sundtíma vikulega á vegum skólans á skólaárinu.

### Markmið

Markmiðið er að auka tæknilega færni nemenda í sinni íþróttagrein og bæta líkamlegt ástand þeirra til að standa undir þeim kröfum sem íþróttir gera til iðkenda.

### Viðfangsefni

Boðið verður upp á tækni- og styrktaræfingar í viðkomandi íþróttagrein.

Styrktaræfingartímarnir verða tvisvar sinnum í viku og tækniæfingar verða í þremur 2-3 vikna lotum á skólaárinu. Auk þessa verður boðið upp á fyrirlestra á hvorri önn þar sem fjallað verður um mataræði, rétt hugarfar, nauðsyn þess að lifa reglusömu lífi og ýmislegt fleira sem nýtist nemendum til að ná langt í þróttum.

### Námsþættir

Stundvísi, einbeiting, virkni, metnaður og heilbriggt lífni. Nemandi skrifar undir lífsstíllsamning á vegum íþróttafélags og grunnskóla sem hann áskilur sér að fylgja.

### Kennsluaðferðir

Þjálfarar hjá viðkomandi íprótt sjá um einstaklingsmiðaðar tækniæfingar og styrktaræfingar auk þess sem fyrirlestrar um heilbriggt lífni og afreksíþróttahugsun verða í boði fyrir þátttakendur.

### Námsmat

Þátttaka og virkni.

### Tímamagn

Ein kennslustund á viku allt skólaárið, ein valstund.

## Árbók

**\*Eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk.**

### Hvernig vilt þú að grunnskólaáráanna þinna sé minnst?

Nemendur í áfanganum safna saman upplýsingum og myndum frá skólagöngu nemenda í árganginum. Skrá niður og skrifa um skólagöngu árgangsins. Setja upplýsingarnar og myndirnar skipulega fram og ganga frá bókinni til prentunar.

### Markmið

Að útbúa fallega bók með upplýsingum, myndum og öðru skemmtilegu sem verður afhend nemendum í 10. bekk við útskrift að vori.

- Setja upp árbók 10. bekkjar.
- Skilja ferlið frá hugmynd til prentunar.
- Safna styrkjum til útgáfu bókarinnar.
- Taka saman texta frá samnemendum t.d. fyrirfram ákveðnar spurningar.
- Skipuleggja myndatöku fyrir bókina.
- Safna myndum og upplýsingum í bókina.
- Ganga frá bókinni til prentunar.

### Námsmat

Ástundun, frumkvæði, þátttaka og virkni í tímum.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Dans

Dans er frábær hreyfing sem eykur sjálfsöryggi og líkamsvitund.

### Markmið

Að nemendur semji dans með aðstoð kennara.

Að nemendur kynnist hinum ýmsu dansstílum.

Að nemendur öðlist færni og öryggi til þess að nýta dansinn sér til skemmtunar.

### Kennsluaðferðir

Tæknileg leiðsögn, samvinna og frumkvæði nemenda.

### Námsgögn

Veraldarvefurinn þ.e. youtube og spotify

**Námsmat**

Virgni og vinnuframlag í tíma metin jafnt og þétt á tímabilinu, þ.á.m. frumkvæði, vinnusemi, samvinna, jákvæðni og sjálfstæði.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

**Ertu rithöfundur?**

Nemendur læra undirstöðuatriði í skrifum og hvað þeir geta gert til að verða rithöfundar. Nemendur fá að vinna með áhugasvið sitt og þróa ritun á verki að eigin vali.

**Markmið**

Markmið námskeiðsins er að aðstoða nemendur sem vilja læra betur að skrifa og vilja jafnvel verða rithöfundar í framtíðinni.

**Viðfangsefni**

Fyrirlestrar kennara, gestafyrirlestrar frá rithöfundum, ýmsar handbækur um skrif skoðaðar og handrit út frá áhugasviði nemenda t.d. kvikmyndahandrit, ljóð, spennusögur, barnabækur o.s.frv.

**Námsmat**

Virgni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

**Fab lab I og II****Markmið**

Að nemendur kynnist grunnþáttum stafrænnar framleiðslutækni og geti komið hugmyndum sínum í áþreifanlegar vörur.

**Námsþættir**

Grunnþættir hönnunar í tvívídd og þrívídd.

Farið yfir ferlið frá hugmynd til afurðar.

Notkun á tölvustýrðum vélum og tækjum til þess að gera hluti.

Grunnatriði í forritun.

Í námskeiðinu er farið yfir grunnatriði í stafrænni framleiðslutækni og kynnast nemendur hvernig á að hanna hluti í tvívídd og þrívídd. Nemendur læra m.a. að nota vinylskera, laserskera, þrívíddarprentara, fræsvélar og grunnatriði í forritun.

**Námsmat**

Verkefni 50%, ástundun og vinna 50%.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Fornám að ökuþrófi

\*Eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk.

### Markmið

Að gera nemendum grein fyrir umfangi ökukennslunnar.  
Að gefa nemendum innsýn í ferli ökunámsins.

### Námsþættir

Mikil áhersla á kennslu umferðarmerkja.  
Grunnfræði umferðarreglna.  
Undirstöður umferðarhegðunar.

### Kennsluaðferðir

Vinnubók, þar sem farið er yfir helstu og mikilvægustu þætti umferðarinnar. Við vinnum með umferðarspilið Hringvegurinn, ásamt beinum verkefnum úr umferðinni. Hópavinna og verkefni í skyndihjálpi.

### Námsmat

Skriflegt próf og verkefnavinna metin til einkunnar. Frammistöðumat í lok annar sem byggir á námsstöðu, vinnuframlagi og samskiptum.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Fótboltaval

### Markmið

Nemendur fræðast um fótbolta í sögulegu samhengi þar sem áherslan er á íslenska boltann og ÍBV. Nemendur skipuleggja kynningar út frá áhugasviði sínu, læra að skrifa fótboltafréttir, fara í rökræður um álitamál í fótbolta og taka viðtal við fótboltamann.

### Viðfangsefni

Fyrirlestrar kennara, myndefni, heimildir af netinu og heimsókn gesta.

### Námsmat

Virgni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Gullkistur Vestmannaeyja

Nemendur búa til vefsvæði þar sem áttthagar Vestmannaeyja eru til umfjöllunar. Farið er í útskýringar á áttthögum, komið með tillögu að úrbótum hvað aðgengi og aðstöðu varðar.

### Markmið

Markmið námskeiðsins er að vinna í því að afrakstur þess rati í fjölmiðla og auki þar með áhuga almennings á nærsamfélagi sínu og þeim gullkistum sem náttúra Vestmannaeyja er.

### Viðfangsefni

Heimildir um Vestmannaeyjar, fyrirlestrar kennara, fyrirlestrar gesta, vettvangsferðir o.fl.

### Námsmat

Virkni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Heimilisfræði

Í kennslustundum er lögð áhersla á matreiðslu, bakstur, næringu, samvinnu og góðan frágang.

Leitast verður við að:

- Auka áhuga nemenda á hollu fæðuvali og heilbrigðum lífsstíl.
- Efla áhuga og leikni í matreiðslu, bakstri og almennum heimilisstörfum.
- Auka ábyrgð nemenda á eigin líðan og heilsu.

Kennslan verður lotubundin og er það bæði undir nemendum og kennara komið hvaða viðfangsefni verða tekin fyrir hverju sinni.

Dæmi um skemmtileg og spennandi viðfangsefni sem verða í boði:

- Matur og menning.
- Holt og gott.
- Hefðbundið og gott.

Einnig verður farið í vettvangsheimsóknir í valin fyrirtæki og nemendur fá gagnleg ráð frá fagmönnum.

### Markmið/hæfniviðmið

Að nemendur tileinki sér kurteisi og tillitssemi og að geta unnið með öðrum.

Að nemendur þekki ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni.

Að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.

Að nemendur geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld.

Að nemendur geti greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum.

### Námsgögn



Í valinu er notast við kennsluefnið *Uppskriftir fyrir unglinga* ásamt uppskriftum frá kennara og hugmyndum nemenda. Einnig förum við í námsbókina *Matur og menning*.

### **Kennsluaðferðir**

Sýnikennsla, fyrirlestrar og verklegar æfingar.

### **Námsmat**

Frammistaða í tímum, virkni, frágangur og hegðun er metin eftir hvern tíma. Verklegt próf á miðri önn. Heimaverkefni s.s. þrifið heima og eldað heima eru metin til einkunnar ásamt næringarfræðiverkefni.

### **Tímamagn**

Tvær klukkustundir aðra önnina, tvær valstundir.

## **Hönnun og smíði**

### **Markmið**

Að nemendur:

Nýti þekkingu sína í hönnun og smíði til að vinna að verkefnum sem þeir hafa áhuga á.

Læri að hagnýta sér tækni í verkefnavinnu þ.e. nota þau verkfæri og tæki sem smíðastofan hefur yfir að ráða.

Þekki allar almennar festingar og samsetningar s.s. lím, nagla og skrúfur.

Geti leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt.

Efli með sér þroska og þolinmæði til vandaðrar vinnu.

Geti notað persónuhlífar, geri sér grein fyrir þeim hættum í smíðastofunni og þekki umgengisreglur smíðastofunnar.

### **Kennsluhættir**

Hugmyndabanki er í kennslustofunni þar sem finna má hugmyndir af verkefnum, einnig verða nemendur að geta leitað fanga á internetinu, nýtt sér hugmyndir og kveikjur úr umhverfi sínu og móta þær. Við „framléiðslu“ lokaafurðar er ætlast til að nemandinn geti greint eðli vinnuferlis, svo sem notkunar viðeigandi verkfæra, beitingu þeirra í framvindu verklegrar vinnu.

### **Hönnun og smíði sem valgrein**

Lögð er áhersla á verkefni sem nemendur hanna sjálfir og gera áætlun um þá vinnu frá upphafi til enda. Nemandinn vinnur út frá hugmyndum sínum, útfærir verkefni sem hann hefur ánægju af. Vinna má með mismunandi efni og tækni þar sem þarf að setja saman rafrásir og tengingar út frá 9v straumi.

### **Námsmat**

Frammistöðumat – Mentor.

### **Tímamagn**

a) Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

b) Tvær kennslustundir á viku allt skólaárið, tvær valstundir.

## Illverk í aldanna rás

### Markmið

- Að nemendur fræðist um valda einstaklinga sem hafa skráð sig á spjöld sögunnar sem "illmenni".
- Að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun og þjálfun í málefnalegum umræðum.
- Að nemendur þekki, geti rætt og fjallað um atburði frá ólíkum sjónarhornum á fordómalausan máta.
- Að nemendur læri um sjúklega áhugaverða hluti og verði sérfræðingar í illvirkjum.

### Kennsluhættir

Fræðsla, umræður og verkefnavinna.

### Námsmat

Kynningar og verkefni.

### Námsgögn

Heimildarmyndir - efni frá kennara - Veraldarvefurinn - Podcast.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Íslensk kvikmyndasaga

### Markmið

Að nemendur fræðist um íslenska kvikmyndasögu í víðu samhengi.

### Viðfangsefni

Fræðst verður um leikstjóra, handritshöfunda, leikara, stefnur og strauma. Horft verður á nokkrar myndir og þætti og efnið krufið. Rætt verður við fólk úr faginu í gegnum fjarfund.

### Námsmat

Virkni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Íslensk tónlistarsaga

Nemendur fræðast um íslenska tónlistarsögu í víðu samhengi. Fræðst verður um tónlistarfólk úr öllum áttum, tísku, stefnur og strauma.

### Markmið

Að nemendur læri um íslenska tónlist og fái aukinn áhuga á henni.

## Viðfangsefni

Hlustað verður á ýmsa tónlist, horft á tónlistarmyndbönd og verkefni unnin út frá áhugasviði. Skoðað hvernig nýta megi sköpun í tónlist betur í námi og lífinu sjálfu.

## Námsmat

Virkni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

## Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

# Japanskt mál og menning

## Markmið

Að nemendur þekki helstu kveðjur og einföld samskipti á japönsku, ásamt kynningu á þeim þremur leturgerðum sem notuð eru í Japan: hiragana (ひらがな) og katakana (カタカナ) og nokkrum táknum (漢字).

Að nemendur fái innsýn í japanska menningu og velji sér eitt efni í samráði við kennara til að kynna samnemendum sínum.

## Kennsluhættir

Fræðsla og kynningar.

## Námsmat

Kynningar, verkefni og próf.

## Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

# Jóga

Markmið jóga er að tengja saman líkama hug og sál. Jóga er því hvort tveggja ástundun og ástand. Í þessum tímum verða kenndar grunnstöður Hatha - jóga. Hatha - jóga er yfirleitt iðkað af heilsuefandi ástæðum og hefur það form náð gífurlegum vinsældum á Vesturlöndum. Regluleg ástundun getur m.a. hjálpað iðkendum að styrkja bak og kvið, losa spennu og fyrirstöður úr vöðvum og sinum, styrkja og liðka stoðkerfið, efla meltingu, örva innkirtlakerfið, auka blóðflæði um öll svæði líkamans og draga úr liðverkjum.

## Markmið

Betri líðan, betra jafnvægi og aukinn sveigjanleiki með því að tengja saman líkama, hug og sál með líkamsstöðum og öndunaræfingum. Þegar við öndum, öndum við inn orku sem við notum til að virkja vöðvana, þegar við öndum frá gefum við eftir og teygjum, lengjum og slökum á líkamanum. Aukin stjórn á andardrætti skilar sér yfirleitt í aukinni orku og betra andlegu jafnvægi. Öndunaræfingar geta aukið einbeitingu, bætt meltingu, dýpkað svefn. Góð slökun getur verið góð gegn depurð, höfuðverk, kvíða, streitu, svefnleysi og þreytu.

## Námsþættir

Allir flokkar jógaæfinga auk fróðleiks um jóga. Upphitun, styrking, jafnvægi. Viðsnúnar æfingar, frambeygjur, baksveigjur, hryggvindur, hugleiðslustöður, slökunarstöður og öndun.

### Kennsluaðferðir

Verklegar æfingar undir leiðsögn kennara í upphituðum sal. Fræðsla um jóga.

### Námsmat

Námsmat er í formi leiðsagnarmats og símats s.s. ástundun, áhugi og virkni í tímum.

### Tímamagn

Ein klukkustund á viku (60 mín.) aðra önnina, ein valstund.

## Leiklist

### Markmið

Að nemendur fá þjálfun í að koma fram, vinni með öðrum, sýni frumkvæði og efli sjálfstraust.

### Námsþættir

Ýmsar æfingar sem þjálfar nemendur í framkomu, tjáningu, tillitssemi og samvinnu. Nemendur læra að fara eftir handriti og hugsanlega að semja handrit og fylgja því eftir á sviði. Mögulega mun leiklistarvalið vinna í samvinnu við Leikfélag Vestmannaeyja.

### Námsmat

Virkni, frumkvæði, vinnusemi og jákvæðni.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina.

## Líkamsrækt

### Markmið

Að nemendur fái aukna hreyfingu og öðlist grunnþekkingu á heilbrigðu lífni.

### Kennslutilhögun

Kennd verða undirstöðuatriði í æfingum með eigin líkamsþyngd, bjöllum, teygjum, boltum og fleira.

### Námsmat

Byggir á virkni, jákvæðni, viðhorfi, samstarfi og frumkvæði í tímum.

### Tímamagn

Ein klukkustund (60 mín.) á viku aðra önnina, ein valstund.

## Mósaík

### Markmið

Að nemendur læri undirstöðuatriðin í mósaík. Unnið verður með glerflísar.

### Námsgögn

Frá kennara.

### **Námsmat**

Ástundun og vinna í tímum.

### **Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## **Myndmennt**

### **Markmið**

Að nemendur þjálfist í skissugerð og kynnist ólíkum aðferðum og tækni við listsköpun t.d. málun (með bleki, vatns- og akrýlmálningu), teiknun, grafík, mósaík, þvívíddarvinna o.fl.

Að nemendur öðlist skilning í samræmi við þroska og aldur á táknum og grundvallarhugtökum myndlistar.

Að nemendur skilji myndbyggingu í tvívídd og þrívídd, rými, form, áferð, lit, línu og ljós.

### **Vinnulag**

1 stund:

Unnin eru hin ýmsu verkefni til þess að þjálfra einstaka þætti í listsköpun.

2 stundir:

Unnin eru hin ýmsu verkefni til þess að þjálfra einstaka þætti í listsköpun, auk þess sem.

Nemendur vinna verkefni að eigin vali með tilliti til efnis og útfærslu, í samráði við kennara sem felur í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil.

### **Námshæð**

Verkefni frá kennara.

### **Námsmat**

Ástundun og vinna í tímum.

### **Tímamagn**

- Annars vegar er hægt að velja myndmennt sem eina stund þá eru tvær kennslustundir á viku aðra önnina.
- Hins vegar eru það tvær stundir og þá er nemandinn tvær kennslustundir á viku allt skólaárið.

## **Námsaðstoð við nemendur á mið- eða yngsta stigi**

### **Markmið**

Að nemendur leiðbeini yngri nemendum og aðstoði þá við nám og skólastarf.

Að nemendur geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

### **Viðfangsefni**

Nemendur aðstoða yngri börn við nám t.d. lestur, stærðfræði eða það sem til fellur í skólastarfinu.

**Námsgögn**

Námsefni yngri barna, námsgögn í samstarfi við kennara þeirra barna sem á að aðstoða hverju sinni.

**Námsmat**

Áhugi, virkni og mæting ræður mestu í námsmati.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

**Podcast**

Nemendur læra hlaðvarpsþáttagerð og kynnst hlaðvarpi á faglegan hátt sem hlustendur. Rætt við fólk úr faginu í gegnum fjarfund.

**Markmið**

Að nemendur geti tekið upp hlaðvarp sem þeir hafa skipulagt sjálfir út frá áhugasviði sínu.

**Viðfangsefni**

Ýmsir hlaðvarpsþættir og innlögn kennara og leiðbeiningar.

**Námsmat**

Virkni, mæting, áhugi og afrakstur metinn til einkunnar.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

**Skák****Markmið**

Að nemendur fái þjálfun í skák og taki þátt í ýmsum skákleikjum og keppnum.

**Viðfangsefni**

Skák frá ýmsum hliðum.

**Námsgögn**

Ýmsar greinar, fyrirlestrar gesta o.s.frv.

**Námsmat**

Áhugi, metnaður og mæting ræður mestu í námsmati.

**Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Skólahreysti

Tímarnir byggja á hreyfingu sem er að mestu leyti í loftfirrðri vinnu og fara að mestu leyti fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Farið verður yfir keppnisgreinar Skólahreystis og nemendur undirbúnir fyrir keppni. Stefnan er að finna öflugt keppnislið í Skólahreysti fyrir GRV en ekki er skylda að keppa þó svo áfanginn sé valinn.

### Markmið

Auka hreyfifærni, kraft, styrk og þol nemenda.

### Námsmat

Byggir á virkni, jákvæðni, viðhorfi, samstarfi og frumkvæði í tímum.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Snjallir nemendur

Áfanginn gengur fyrst og fremst út á að efla alhliða hæfni nemandans á upplýsingatæknisviðinu. Farið verður um víðan völl. Skoðuð verða helstu forrit notuð til miðlunar, tölvuleikir skoðaðir út frá mismunandi sjónarhornum, helstu forritunarmál skoðuð, Myndbandagerð og green-screen kynnt, vefsíðugerð og margt fleira. Nemendur koma einnig með tillögur að forritum sem þeir vilja kynna sér.

### Markmið

Að nemendur eflist á sem flestum sviðum tækninnar og fái kynningu á þeim fjölmörgu forritum sem eru í boði í dag. Að nemendur verði gagnrýnir á gæði og notkun ýmissa forrita.

### Námsgögn

Nemendur vinna að mestu á netinu í tölvum ásamt notkun í pada í allskonar forritum.

### Námsmat

Þátttaka og virkni í tímum.

Nemandi velur eitt lokaverkefni á sviði tækninnar og setur saman afurð í tengslum við það. Nemandi gerir vefsíðu sem er notuð til að halda utan um verkefni og vangaveltur tengdar þeim forritum sem hann mun prófa.

### Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Snyrtifræði

**\*Eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk.**

### Markmið

Nemendur læra:

Um húðina og uppbyggingu hennar og hvernig á að hugsa um hana.

Að vera meðvitaðir um eigið heilbrigði.

Að hreinsa húðina og nota snyrtivörur fyrir viðeigandi húðgerðir.

Um húðsjúkdóma og ofnæmi.

Að þekkja notkun snyrtivara.

Almenna umhirðu handa og fóta eins og að klippa og þjala neglur og snyrta naglabönd.

Umhirðu líkamans, um háreyðingu, vax og ljósameðferð.

Um örugga framkomu og óörugga, sjálfssímynd, bætt samskipti og mannasiði.

Grunnförðun, dag- og kvöldförðun, val á farða og litum, hreinsun áhalda.

### **Námsþættir**

Umhirða húðar og hreinlæti.

Uppbygging húðar.

Snyrtivörur.

Handsnyrting.

Fótsnyrting.

Umhirða líkamans.

Framkoma.

Dag- og kvöldförðun.

### **Kennsluaðferðir**

Kennslan byggist á fyrirlestrum, umræðum og verklegum tímum.

### **Námsgögn**

Námsgögn eru ljósritað efni frá kennara, vefefni og ýmsar bækur af bókasafni, dagblöð skoðuð og fylgst með tískunni og öðru sem tengist námsefni.

### **Námsmat**

Námsmat byggist á þátttöku nemanda í tímum, verkefnum og vinnubók.

### **Tímamagn**

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## **Starfstengt val**

**\*Eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk**

### **Markmið**

Að nemendur fái að kynnast áhugaverðu starfi í stuttan tíma með framtíðarstarf í huga.

### **Viðfangsefni**

Nemendur velja sér eitt fyrirtæki í samráði við skólann. Þeir mæta þar einn eftirmiðdag í viku í þrjá klukkutíma í senn í samtals átta vikur. Þeir kynna sér daglega starfsemi og hvaða menntun þarf til að vinna við þetta í framtíðinni. Gerður er samningur við viðkomandi fyrirtæki sem undirritaður er af nemanda, foreldrum/forráðamönnum og stjórnanda GRV.

### **Námsþættir**

Starfsfræðsla, samskipti, virkni og ástundun.

### **Kennsluaðferðir**



Nemendur mæta á vinnustað, fá leiðsögn og vinna verkefni sem þeim eru falin á vinnustaðnum.

### Námsmat

Þátttaka og virkni

### Tímamagn

Þrjár klukkustundir (tvær valstundir) á viku í 8 vikna tímabili. Fyrri tímabil 26. ágúst - 21. okt. og seinna 28. okt. - 20. des. Nemandi tekur eingöngu eitt tímabil.

## Stíll

Nemendur búa til sína eigin hönnun (búning) með ákveðið þema í huga og útfæra hárgreiðslu og förðun með hönnuninni. Unnið er í hópum.

Vinna að möppu meðfylgjandi hönnuninni þar sem koma fram teikningar af hugmyndavinnunni af búningnum og hvaða efni voru notuð, förðunar hugmyndir og hárgreiðslan.

Mestöll undirbúningsvinna og lokahönnun er sett í möppuna.

Í lok annar er svo haldin keppni milli hópa í GRV og sigurvegari keppir fyrir hönd Rauðagerðis á Stíll.

### Námsþættir

Nemendur mynda hópa og þurfa að skipuleggja sig og skipta verkefnum á milli sín.

Þegar búið er að ákveða hönnun þá þurfa nemendur að útfæra hönnunina. Taka mál og finna út stærðir. Finna snið sem henta og fá aðstoð við útfærslur á sniðinu fyrir hönnunina. Læra að minnka og stækka snið. Læra að þræða saumavél og spóla á undirtvinna.

### Kennsluaðferð

Kennsla fer fram með sýnikennslu.

### Námsmat

Verkefnin eru metin jafnóðum. Þar er horft til vandvirkni, sjálfstæði hópsins, vinnusemi, umgengni, frumkvæði einstaklinga og áhuga.

### Námsgögn

Bækur, blöð og snið sem eru til í skólanum en einnig eru nýttar hugmyndir af netinu.

### Tímamagn í skóla

Tvær kennlustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

## Stjörnufræði og skoðun

Nemendur læra grunnatriði í stjörnufræði. Þá læra nemendur um nokkur stjörnumerki og helstu (mest áberandi) stjörnurnar á næturhimninum og hvernig best er að þekkja þessar stjörnur og stjörnumerki. Farið verður í að minnsta kosti tvær stjörnuskoðunarferðir.

## Námsmat

Verkefni, ástundun og vinna í tímum.

## Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

# Stuttmyndagerð

Þessi áfangi er hugsaður fyrir nemendur sem vilja nota sköpunargleðina í myndvinnslu- og margmiðlunarforritum. Farið verður í kvikmyndasögu, heimildavinnslu, handritagerð og búnað til ýmsar gerðir stuttmynda eins og leikna stuttmynd, heimildastuttmynd, stopmotion-mynd ofl.

## Markmið

Að nemendur kynnist nýjustu gerðum af forritum við myndvinnslu.

Að nemendur kynnist og nýti sér hljóðvinnsluforrit.

Að nemendur þjálfist í að nota þau tæki sem til eru við myndvinnslugerð eins og myndavélar, I-padar og símar.

Að nemendur tileinki sér vönduð og öguð vinnubrögð og geti búið til frambærilegt efni til sýningar.

## Námsþættir

Lögð verður áhersla á myndvinnslugerð og hljóðvinnslu.

## Námsgögn

Unnið í Sony Vegas Pro sem er eitt besta klippi- og myndvinnsluforritið í dag. Þar nýta nemendur sér m.a. green screen og ýmsa skemmtilega fídusa. Nemendur vinna einnig með margvísleg forrit eins og Audacity, I-movie, moviemaker ofl.

## Námsmat

Ástundun, stuttmyndir og vinna í tímum.

## Tímamagn

Tvær kennslustundir á viku aðra önnina, ein valstund.

# Textílmennt

## Markmið

Að nemendur geti beitt mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu hugmynda að verkefna.

Að nemendur beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.

Að nemendur temji sér vandvirkni og góða umgengni við vinnu sína.

## Námsþættir

Nemandi velur sér verkefni að eigin vali og skipuleggur vinnu sína. Finnur viðeigandi uppskrift, snið og efni. Getur líka skoðað hugmyndir á netinu. Þjálfist í að finna rétta stærð, hanna og breyta eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Prjón: Læra að nota prjónfestu, prjónastærð og lesa á litanúmer garns. Einnig fá þau þjálfun í að prjóna munstur með fleiri en einum lit.

Hekl: Læra grunninn í hekli. Farið verður yfir helstu hugtök. Læra að hekla einfaldar dúllur. Ef einhverjir eru lengra komnir þá geta þeir fundið uppskrift við hæfi.

Fatasaumur: Læra að taka mál og finna út stærð. Finna snið og fá aðstoð við að útfæra það eftir eigin óskum. Læra að stækka/minnka snið. Læra að þræða saumavél og spóla á undirtvinna.

Útsaumur: Velja sér uppskrift/mynd til að sauma út. Velja liti í myndina og grófleika/lit javans.

### **Kennsluaðferð**

Kennsla fer fram með sýnikennslu.

### **Námsmat**

Verkefni verða metin jafnóðum. Þar sem tillit verður tekið til vandvirkni, sjálfstæði, vinnusemi, umgengni, frumkvæði og áhuga.

### **Námsgögn**

Bækur, blöð og snið sem til eru í skólanum. Einnig hugmyndir, snið og uppskriftir af netinu.

### **Tímamagn**

- a) Annars vegar er hægt að velja textílmennt sem eina stund þá eru tvær kennslustundir á viku aðra önnina.
- b) Hins vegar eru það tvær stundir og þá er nemandinn tvær kennslustundir á viku allt skólaárið.